



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**120. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 13. október 2023
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Andri Steinn Hilmarsson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, Sævar Birgisson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Formaður, Pawel Bartoszek, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Gb Arnarland breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - 2202012

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni dags 11. september 2023 úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar um ofangreint. Lögð fram til samþykktar umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 9. október 2023. Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar, er gestur undir þessum lið.

Gestir

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar -

Niðurstaða:

Samþykkt.

Andri Steinn Hilmarsson og Helga Jónsdóttir leggja fram eftirfarandi bókun: Undirrituð leggja áherslu á mikilvægi samstarfs Garðabæjar og Kópavogs um skipulagstillögur að sveitarfélagamörkum. Mikilvægt er að svæðið allt verði heildstæð byggð og þjóni hagsmunum beggja sveitarfélaga. Viðræðum um sveitarfélagamörk milli Kópavogs og Garðabæjar sem nú standa yfir þarf að ljúka sem fyrst.

2. Kynning frá Strætó Bs. - 2003003

Í samræmi við áherslur svæðisskipulagsnefndar fyrir kjörtímabilið 2022-2026 var óskað eftir kynningu frá Strætó Bs. vegna leiðarkerfis Strætó og annarra atriða sem varða almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, er gestur fundarins undir þessum lið.

Gestir

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó -



3. Græni stígurinn - fýsileikaskýrsla - 2301008

Fyrirliggjandi til kynningar eru umsagnir sem bárust um ofangreint sem svæðisskipulagsnefnd samþykkti að senda til kynningar og umsagnar. Kynningartímabil var frá 7. júní til 15. september en á 119. fundi var samþykkt að framlengja umsagnarfrest til 9. október. Umsagnir bárust frá: Mosfellsbæ dags. 8. september 2023, Skógræktarfélagi Íslands dags. 12. september 2023, Kópavogsbæ dags. 12. september 2023, Landsneti dags. 13. september 2023. Jafnframt liggja fyrir bókanir umhverfisnefndar Garðabæjar dags. 20. september 2023, umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur dags. 20. september 2023, Reykjavík, skipulagsfulltrúi dags. 5. október 2023 og Hafnarfjarðarbær 11. október 2023.

Lagt er til að svæðisskipulagsstjóra og ráðgjafa verði falið að vinna úr umsögnum og leggja til tillögur um áframhald verkefnis á næsta fundi nefndarinnar.

Niðurstaða:

Samþykkt

4. RVK Greining á tækifærum til útivistar og leikja við vötn og gönguskiðaiðkun - 2309015

Fyrirliggjandi er bréf borgarstjóra Reykjavíkur dags. 21. september 2023, þar sem gerð er grein fyrir bókun fundar borgarráðs 14. september 2023, um greiningu tækifæra til útivistar og leikja við vötn og aukna möguleika til gönguskiðaiðkunar á höfuðborgarsvæðinu. Kemur þar fram tillaga um að verkefnið verði unnið sameiginlega fyrir höfuðborgarsvæðið undir forystu svæðisskipulagsnefndar.

Erindið var tekið fyrir á 565. stjórnarfundi SSH og eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: Framangreindu er vísað til Svæðisskipulagsnefndar sem taki tillöguna til nánari skoðunar, eftir atvikum í samráði við Samstarfsnefnd Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða:

Formanni svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra er falið að ræða við borgarstjóra og formann SSH um útfærslu verkefnis á vettvangi svæðisskipulagsnefndar, þ.á.m. fjármögnun og tímaáætlun.

5. HAF Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Straumsvíkurhöfn - 2309009

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni úr samráðsgátt Skipulagsstofnunar dags. 18. september 2023 þar sem óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar um ofangreint. Lögð fram til samþykktar umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 9. október 2023.

Niðurstaða:

Samþykkt

6. RVK Sundabraut - aðalskipulagsbreyting og umhverfismat - 2309014



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni úr samráðsgátt Skipulagsstofnunar dags. 19. september 2023 þar sem óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar um ofangreint. Lögð fram til samþykktar umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 9. október 2023.

Niðurstaða:

Samþykkt

7. Uppbygging hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar - 2202019

Fyrirliggjandi til kynningar er skýrsla vinnuhóps, dags. ágúst 2023, vegna hjólaleiðar milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðinu. Stjórn SSH tilnefndi Svæðisskipulagsstjóra sem fulltrúa í hópinn, sem fundaði fjórum sinnum vegna verkefnisins. Í skýrslunni eru sýndar hugmyndir að leiðarvali, möguleikar til fjármögnunar ásamt tillögur um áframhald verkefnisins.

Niðurstaða:

Formanni er falið að ræða við SSS og Kadeco um áframhaldandi leiðir til að þrýsta á framgang verkefnisins.

8. Breyting á fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er bréf frá bæjarlögmanni Mosfellsbæjar dags. 12. september 2023 þar sem tilkynnt er um kosningu Sævars Birgissonar sem aðalmann í svæðisskipulagsnefnd í stað Aldísar Stefánsdóttur.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

9. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 17. nóvember í Garðabæ. Heimsóknin er hluti af áherslum nefndarinnar 2022-2026 að heimsækja aðildarsveitarfélög á kjörtímabilinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.